

Svar

heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Björk Vilhelmsdóttur
um hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu.

1. *Hversu margir aldraðir eru á biðlista eftir hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu og hversu margir þeirra eru með lögheimili í Reykjavík? Hver er framreiknuð þróun biðlista miðað við fyrirhugaða fjölgun hjúkrunarrýma á höfuðborgarsvæðinu?*

Samkvæmt tölum frá embætti landlæknis voru 124 einstaklingar á biðlista á höfuðborgarsvæðinu í lok september. Þar af voru 85 frá Reykjavík. Meðalbiðlisti á höfuðborgarsvæðinu fyrir lok mars, júní og september var hins vegar 121, en var að meðaltali 100 á árinu 2012. Flutningsmöt eru ekki innifalin í þessum tölum.

Í viðbót við þau hjúkrunarrými sem tekin hafa verið í notkun í ár er gert ráð fyrir að hjúkrunarrýmum fjölgi um 76 á árinu 2015, þótt dagsetning liggja ekki endanlega fyrir. Þar af er gert ráð fyrir 44 hjúkrunarrýmum í Boðabíngi í Kópavogi, 30 hjúkrunarrýmum á Seltjarnarnesi og tveimur hjúkrunarrýmum í Hafnarfirði. Þar sem ákvörðun um byggingu annarra hjúkrunarrýma liggur ekki fyrir er ekki gert ráð fyrir þeim í eftirfarandi yfirliti.

Miðað við mannfjöldaspá höfuðborgarsvæðisins og áætlaða fjölgun hjúkrunarrýma er búist við að biðlistinn styttest í 78 á árinu 2015 en lengist síðan í 270 árið 2020 og verði um 576 árið 2025.

Heilbrigðisumdæmi höfuðborgarsvæðisins									
Hjúkrunarrými	Árið 2012	Árið 2013	Árið 2014	Árið 2015	Árið 2020	Árið 2025	Breyting milli tímabila %		
Mannfjöldi samtals	205.424	205.011	206.609	208.220	218.297	227.965	1,4%	4,8%	4,4%
67 ára og eldri	22.297	22.183	22.833	23.581	27.969	33.314	5,8%	18,6%	19,1%
67 til 74 ára	10.284	10.221	10.726	11.317	14.214	16.644	10,0%	25,6%	17,1%
75 til 79 ára	4.635	4.623	4.600	4.609	5.594	7.378	-0,6%	21,4%	31,9%
80 ára og eldri	7.378	7.338	7.506	7.655	8.162	9.293	3,8%	6,6%	13,9%
Reiknuð vistunarþörf	1.513	1.588	1.583	1.621	1.813	2.119	7,1%	11,8%	16,9%
Fjöldi hjúkrunarrýma	1.413	1.467	1.467	1.543	1.543	1.543	9,2%	0,0%	0,0%
Biðlisti eftir hjúkrunarrýmum	100	121	116	78	270	576			

2. *Hyggst ráðherra standa við viljayfirlýsingu sem gerð var milli velferðarráðuneytisins og Reykjavíkurborgar 23. apríl sl. um uppbyggingu hjúkrunarrýma og þjónustu fyrir aldraða í Reykjavík?*

Þegar viljayfirlýsingin var undirrituð lágu engar áætlanir fyrir um fjármögnun framkvæmdanna en stofnkostnaður við byggingu heimilis af þessari stærðargráðu nemur um 2,5 milljörðum kr. og rekstrarkostnaður um 750–800 millj. kr. á ári. Fyrir liggja samningar við þrjú sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu hjúkrunarrýma samkvæmt leiguleið en framkvæmdir eru ekki hafnar. Eðlilegt er að byrja á að fylgja þeirri uppbyggingu eftir í stað þess að gefa aukin fyrirheit um uppbyggingu við Sléttuveg þar sem ekkert liggur fyrir um fjármögnun framkvæmda þar né rekstur.

3. *Hversu margir sjúklingar liggja og hve lengi að meðaltali á Landspítalanum eftir að meðferð er lokið vegna skorts á hjúkrunarrýmum á höfuðborgarsvæðinu?*

Árið 2013 hafa að jafnaði 47 sjúklingar beðið á Landspítalanum á degi hverjum eftir hjúkrunarrými á höfuðborgarsvæðinu, eftir að meðferð á sjúkrahúsinu var lokið. Að meðaltali biðu sjúklingar í 50 daga á spítalanum. Um 23 sjúklingar hafa útskrifast frá LSH á hjúkrunarheimili að meðaltali hvern mánuð frá ársbyrjun 2013. Í hverjum mánuði bættust við 23–30 nýir sjúklingar sem höfðu lokið meðferð og hófu bið sína eftir plássi á hjúkrunarheimili.

Rétt er að taka fram að síðar í þessum mánuði verða 40 hjúkrunarrými að Vífilstöðum tekin í notkun, sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 27. september sl.